

Alþingi, fjárlaganefnd  
Willum Þór Þórsson, formaður  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlagalaga fyrir árið 2020, 337. mál – þskj. 399**

## I.

## Almennt

Ríkisendurskoðandi hefur þann 27. nóvember 2020 móttengið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um frumvarp til fjárlagalaga fyrir árið 2020. Er þetta í fimmta sinn sem frumvarp til fjárlagalaga er lagt fram á árinu 2020 en alla jafna samþykkir Alþingi ein fjárlagalög á ári. Heimsfaraldur kórónuveiru hefur haft í för með séð ófyrirséðar aðstæður sem stjórnvöld hafa þurft að bregðast við með auknum fjárráðstöfunum úr ríkissjóði. Slíkt er óhjákvæmilegt eins og á stendur.

## II.

## Hlutverk fjárlagalaga

Í 26. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál er fjallað um frumvarp til fjárlagalaga. Þar kemur fram að ráðherra sé heimilt, ef þess gerist þörf, að leita aukinna fjárheimilda í frumvarpi til fjárlagalaga til að bregðast við „*tímabundnum, ófyrirséðum og óhjákvæmilegum*“ útgjöldum innan fjárlagaársins „*enda hafi ekki verið unnt að bregðast við þeim með úrræðum sem tilgreind eru í lögum þessum*“. Þá er í 24. gr. laganna fjallað um almennan varasjóð A-hluta. Ákvæðið kveður á um að í frumvarpi til fjárlaga skuli gera ráð fyrir óskiptum almennum varasjóði til að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg og ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti samkvæmt lögunum. Lög um opinber fjármál setja þannig sömu skilyrði fyrir ráðstöfun almenns varasjóðs og heimild til að leita aukinna fjárheimilda í frumvarpi til fjárlagalaga.

## III.

## Varasjóðir

Í athugasemdum frumvarpsins kemur fram að almennt sé ekki um að ræða tillögur um ný verkefni, aukið umfang, rekstrarhalla einstakra ríkisstofnana eða minniháttar útgjaldamál sem ekki tengist viðbrögðum við heimsfaraldri. Ráðuneyti eiga að finna slíkum málum stað innan útgjaldaramma sinna málefnasviða og málaflokka, t.d. með millifærslu fjárheimilda eða nýtingu varasjóða. Þá kemur einnig fram að útgjöld sem ekki tengjast heimsfaraldri kórónuveiru nemi 9,9 ma.kr. Þar veiga þyngst 5,5 ma.kr. hækkun vegna lífeyrisskuldbindinga, 2,0 ma.kr. vegna endurhæfingarlífeyris og 1,4 ma.kr. vegna ellilífeyris sem skýrist af lægri tekjum ellilífeyrisþega en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Í athugasemdunum er gerð grein fyrir nýtingu á almennum varasjóði í frumvarpinu en samkvæmt fjárlögum ársins 2020 nam heildarfjárheimild sjóðsins um 10,8 ma.kr. Þegar hefur verið ráðstafað rúmum 2 ma.kr. og þar af sé ríflega helmingur vegna umframgjalda á dómkröfuflið ríkissjóðs (bótagreiðslur í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu). Þá sé ráðgert að ráðstafa um 5 ma.kr. til viðbótar en þar vegi þyngst endurmat á gengisförsendum fjárlaga sem nemi um 4 ma.kr. Í greinargerðinni er aðeins í einu tilfelli rætt um vara sjóði þegar fjallað er um viðbótarheimild málaflokka en það er í málaflokki 05.4 Stjórnsýsla ríkisfjármála en þar er fullýrt að varasjóður málaflokksins verði fullnýttur á árinu.

Jafnframt kemur fram að við vinnslu frumvarpsins hafi verið litið til þess m.a. í ljósi gagnsæis að sem flestar tillögur um auknar fjárheimildir er vörðuðu umframútgjöld og kostnað vegna kórónuveirufaraldursins yrðu lagðar fyrir Alþingi til yfirferðar og afgreiðslu. Til staðar sé rúmlega 4 ma.kr. svigrúm hjá sjóðnum til að bregðast við óvæntum og óhjákvæmilegum útgjöldum fyrir lok þessa árs.

Meðfylgjandi tafla sýnir stöðu fjárheimilda hjá varasjóðum málaflokka o.fl.

Rasto	Heiti	A1 - Fjárlög	A2 - Fjárukalög	Flutt f. f. ári	Ráðstafað	Óráðstafað
02-998	Varasjóður málaflokka	351.300.000		959.947.618	0	1.311.247.618
03-998	Varasjóður málaflokka	107.500.000		0	0	107.500.000
04-998	Varasjóður málaflokka	35.200.000		18.569.056	0	53.769.056
06-998	Varasjóður málaflokka	52.500.000		203.212.721	-161.200.000	94.512.721
07-998	Varasjóður málaflokka	58.300.000		95.000.000	0	153.300.000
08-998	Varasjóður málaflokka	285.100.000		282.400.000	-178.300.000	389.200.000
09-998	Varasjóður málaflokka	159.500.000		620.720.058	0	780.220.058
10-998	Varasjóður málaflokka	205.200.000		20.600.000	-5.000.000	220.800.000
14-998	Varasjóður málaflokka	32.900.000		112.200.000	0	145.100.000
		<b>1.287.500.000</b>	<b>0</b>	<b>2.312.649.453</b>	<b>-344.500.000</b>	<b>3.255.649.453</b>
09-481	Útgj. skv. heimildarákv.	308.000.000		0	-110.800.000	197.200.000
09-989	Almennur varasjóður	10.420.600.000		0	-2.071.800.000	8.348.800.000
09-990	Ríkisstjórnarákvarðanir	167.500.000	2.500.000.000	20.620.121	-128.085.120	2.560.035.001
		<b>10.896.100.000</b>	<b>2.500.000.000</b>	<b>20.620.121</b>	<b>-2.310.685.120</b>	<b>11.106.035.001</b>
	<b>Samtals</b>	<b>12.183.600.000</b>	<b>2.500.000.000</b>	<b>2.333.269.574</b>	<b>-2.655.185.120</b>	<b>14.361.684.454</b>

Að framangreindu virtu telur Ríkisendurskoðun rétt að benda á nýtingu varasjóða í þessu samhengi. Þar kann að vera tilefni til að leita eftir fjárveitingu úr almenna varasjóðnum til að mæta tímabundnum, ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að með lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál var m.a. ætlað að draga úr þörf og umfangi fjárukalaga. Ríkisendurskoðun bendir á fyrri athugasemdir sínar um rétt sé að áður en auknar fjárheimildir verði veittar með fjárukalögum sé fyrst ráðstafað þeim fjárheimildum sem heimilaðar voru í varasjóði málaflokka og í almenna varasjóðinn.

### III.

#### Efni frumvarpsins

Frumvarpið felur annars vegar í sér tillögur um auknar fjárheimildir vegna frekari mótvægisáðferða sem ætlað er að milda félagsleg og efnahagsleg áhrif faraldursins og hins vegar viðbrögð vegna aukins kostnaðar sem faraldurinn hefur í för með sér sbr. yfirlit á bls. 51 í frumvarpinu.

Ríkisendurskoðun tekur ekki afstöðu til efnislegra þátta frumvarpsins enda er forsenda þeirra háð mati ríkisstjórnar Íslands á aðstæðum í samfélaginu og hvernig brugðist skuli við þeim.

Virðingarfyllst,

Skúli Eggert Þórðarson  
rafræn undirritun

Guðrún Jenný Jónsdóttir  
rafræn undirritun



# Undirritunarsíða

Guðrún Jenný Jónsdóttir



Undirritað af:  
Guðrún Jenný  
Jónsdóttir  
1303704979  
Dags: 03.12.2020  
Tími: 14:09:44  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: e30195d8-  
cdab-4151-8e20-  
61ecfd0a28b9

Skúli Eggert Þórðarson



Undirritað af:  
Skúli Eggert Þórðarson  
1702532649  
Dags: 03.12.2020  
Tími: 14:14:07  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: e30195d8-  
cdab-4151-8e20-  
61ecfd0a28b9